

Hér er gleðileg gróska í myndrænum listum.

Og á öðrum sviðum eru miklar framfarir.

Rætt við Kurt Zier skólastjóra.

Kurt Zier, sem nú er forstöðumaður hins kunna unglinga- og menntaskóla í Odenwald í Þýskalandi, hefir dvalið hér á landi í nálega fimm vikur í sumar. Í fylgd með honum var kona hans og eldri dóttir þeirra hjóna, ennfremur yfirkennari Odenwaldskólans, Dr. Schäfer og kona hans.

Kurt Zier kom fyrst hingað til lands árið 1939, var þá ráðinn sem kennari við Handiðaskólann, sem Lúdvíg Guðmundsson skólastjóri stofnaði þá um haustið. Starfaði Kurt Zier síðan við skólann sem yfirkennari hans, unz þau hjónin fluttust aftur til Þýskalands haustið 1949 og tóku bæði við kennarastarfi í Odenwaldskólann.

Í starfi sínu við Handiðaskólann aflaði Zier sér mikilla og almennra vinsælda meðal samkennara sinna, nemenda og annara, er honum kyntust.

Miklar framfarir.

Áður en Zier að þessu sinni fór utan ásamt samferðafólki sínu, átti Vísi stutt viðtal við hann.

— Hvað fannst yður athyglisverðast hér á landi á ferðum yðar í sumar?

— Hinar miklu framfarir og framkvæmdir við sjó og í sveit, sem hér hafa orðið, síðan við hurfum héðan fyrir aðeins sjó árum, svaraði Zier. Í sannleika stendur maður furðu lostinn gagnvart þessu og spyr sjálfan sig: Hvernig er þetta mögulegt? Hver hefir unnið allt þetta? Þjóð, sem aðeins telur 160 þús. manns, álíka og í einu litlu borg arhverfi eða jafnvel í fáeinum hinna stærri gatna í stórbogum meginlandsins! Þetta er hið furðulegasta og ótrúlegasta, er mætir auga erlends gests, sem veit, að fyrir fáum áratugum var hér allt ógert á sviði verklegra framkvæmda.

— Ferðuðust þið víða um landið?

— Við vorum hér í röskan mánuð og ferðuðumst um Borgarfjörð, Norðurland, allt til Herðubreiðarlinda. Síðan til Snæfellsness og um Breiðafjörð. Loks skruppum við flugleiðis til Hornafjarðar. Í ríku mæli nutum við hinnar miklu fegurðar landsins. Og víða hittum við gamla vini og kunningja.

Öngþveiti í gistihúsamálum.

— En hvað svo um gistihúsin?

— Vægilega sagt eru gisti-húsmálin hér í hinu mesta öngþveiti. Aðeins fá gistihús í öllu landinu eru góð eða samleg. Margir veitinga- eða gististaðir, — sem svo eru kallaðir, — eru langt fyrir neðan allar hellur. Eg þarf engin nöfn að nefna, hefi séð af skrifum ísl. blaða þessar vikur, að ykkur Íslend-

ingum er þetta ófremdarastand full-ljóst. En land ykkar er svo sérkennilegt, fegurð þess svo tilkomumikil, fjölbreytileg og dásamleg, að auðvelt ætti að vera að gera Ísland að eftirsóttu ferðamannalandi. Ekki aðeins til sumarferða, líka til vetrarferða. Árlega gæti þetta gefið ísl. þjóðinni tugi milljóna króna í erlendum gjaldeyri. En fyrsta skilyrði þess, að þetta geti orðið, er, að nú verði brugðið við og bætt úr þessu hörmulega ástandi. Hér þurfa að rísa mörg ný gistihús, í bæjum og upp til sveita. Ekki nein risabákn, heldur hús af hóflegri og viðráðanlegri stærð, en umfram allt vel búið og vel stjórnað. Samkeppnin á þessu sviði, — sem mörgum öðrum — er holl og örvandi.

Nýjungar í myndlist.

— Íslenzka myndlist og listiðnað þekkið þér vitanlega frá fyrri dvöl yðar hér á landi.

— Já, mætavel. Í sumar kyntist eg þó ýmsu nýju og athyglisverðu á þessu sviði. Enda þótt þessi mál séu mér nokkuð skyld, þar eð eg var hér kennari í myndlistum í heilan áratug, tel eg mig geta litið þau hlutlægum augum. Hér á landi er mjög mikil og gleðileg gróska í myndrænum listum. Flestir íslenzku listamannanna taka starf sitt og list alvarlega. Yfirleitt bera þeir auðsæ einkenni þjóðar sinnar, þeir eru leitandi menn, víðsýnir og frjálshuga. Og á meðan svo stefnir er ástæðulaust að óttast kyrking, stöðnun og dauða. — Það er mikilsvert starf, sem hið unga og ötula félag „Íslenzk iðn“ nú vinnur. Á skömmum tíma hefir það tekið þátt í þremur listiðnaðarsýningum erlendis við hinn ágætasta orðstír. Þátttaka þess í listiðnaðarsýningunni í München í vor fór ekki fram hjá mér. Einn af fyrri nemendum mínum í myndlistadeild Handiðaskólans frá Ásgerður Búadóttir, hlaut þar hina mestu viðurkenningu, heiðursskjal og gullverðlaun ríkisstjórnarinnar í Bayern.

Íslenzka sýningin.

— Hvað liður farandsýningunni á íslenzkri myndlist, sem send var til Þýskalands í fyrri á vegum félagsins „Germania“?

— Hún hefir verið þar í ýmsum borgum. Síðast þegar eg frétti af henni var hún enn á ferðinni þar syðra. Annars hefir vist verið ósköp hljótt um hana, einnig hér, að því er mér skilst. Átta ísl. myndlistamenn eiga verk á sýningunni. Eru það olíumálverk, vatnslitamyndir, teikningar og tréristumyndir. Að mínu áliti gefur þessi sýning samlöndum mínum og þeim öðrum, er sjá hana, alls ekki rétta mynd af ísl. myndlist, og er það illa farið.



Tel eg fyllstu nauðsyn þess, að nú verði spilin stokkuð upp, og að efnt verði til annarar sýningar í Þýskalandi, sýningar, er gefi rétta og sanna mynd af hinni djörfu og gróskumiklu íslenzku myndlist nútímans.

— Þér hafið eflaust haft samband við Handiðaskólann?

— Já, öll árin síðan við fluttumst aftur til Þýskalands. Á meðan við vorum hér á landi í sumar nutum við mikillar gestrisni af hálfu skólans. Höfðum við m. a. til umráða tvö herbergi í hinu nýja og glæsilega húsnæði skólans í Skippholti 1. Milli ferða okkar um landið bjuggum við þar. Annars er það mjög merkilegt starf, sem Handið- og myndlistaskólinn, — en það er hið rétta nafn skólans — hefir unnið hér þessi 17 ár, sem nú eru liðin frá stofnun hans. Merkum og athyglisverðum áfanga er nú náð með stofnun listiðnaðardeildanna, sem í haust taka þar til starfa.

Íslenzkur fiskur á öruggan markað vestan hafs.

SH selur bæði merktan og ómerktan fisk.

Fréttatilkynning barst Vísi í gær frá Sölumiðstöð hraðfrysti húsa og birtist hún hér styt.

S. H. er stærsti einstaki innflytjandi fiskis til Bandaríkjanna og veitir það henni góða aðstöðu í hinni hörðu samkeppni á þessum markaði. Athuganir, sem gerðar hafa verið nýlega á markaði hraðfrysta matvæla í Bandaríkjunum sýna að minni vörumerkin hafa verið að tapa sölu til stærri framleiðenda og innflytjenda.

Framleiðsla S. H. er seld í Bandaríkjunum undir tveimur vörumerkjum, „Icelandic“ sem þyrjað var að mótfa 1946 og „Fresher“ sem sála hófst á 1947.

Fyrstu árin gekk salan á framleiðslu Sölumiðstöðvarinnar fremur erfiðlega. Fundu menn þar sem oft áður, hve öruggt er að vinna stóra markaði fyrir ný vörumerki. En salan hefur aukist og er litill vafi á því, að vörugæði eru meginundirstaða söluaukningarinnar. Varðandi Bandaríkjamarkaðinn gildir það lögmál, að hann krefst vandaðrar vöru. Fái hann

Báðar þessar nýju deildir, listiðnaðardeild kvenna og kennsludeild hagnýtrar myndlistar, sýna glögglega, að hér er enn stefnt í rétta átt; hér er vel vakað á verðinum. Þessi þróun skólans er einnig í fullu samræmi við þá stefnu, sem nú ríkir í flestum hinna lífrænustu myndlista- og listiðnaðarskóla á meginlandinu, sem eg þekki. En það er baráttan fyrir aukinni þátttöku og aukinni hagnýtingu myndlista og listiðnaðar í daglegu lífi fólksins, í framkvæmdum þess og framleiðslu. En öruggleikarnir í framkvæmd þessara mála hér eru vitanlega margfalt meiri en meðal flestra annara þjóða, sem fjölmennari eru og flestar eiga að baki sér eldgamla þróun á sviði myndlista og listiðnaðar.

Fólkið er hið sama.

— Hvenær byrjar svo skólastarfið aftur í Odenwald?

— Eftir fáeina daga. Þá biða mín þar rúmlega 250 nemendur. Þá verður nóg að gera! Þótt Íslandferðin hafi vitanlega verið erfið, þeytingur af einu landshorni á annað, oft vökur, heimboð o. s. frv. þá hverfum við samt endurnærð til Odenwalds, rík að björtum, góðum minningum. Öll erum við vinum okkar hér þakklát fyrir endurfundi og ný kynni. En þótt Ísland sé fagurt, þá er þó mest um það vert, að fólkið, sem byggir landið, er í innsta eðli sínu hið sama og það áður var: traust, vinfast, getrisið og víðsýnt. Við sendum öllum, sem hér greiddu götu okkar, kærar kveðjur og hugheilar árnaðaróskir. Og áreðanlega komum við aftur hingað, — „heim til Íslands“.

koma 5 punda pakkar, sem ætlaðir eru m. a. stórum fjölskyldum og loks 1 punds pakkar, er njóta nú síaukinna vinsælda.

Sölumiðstöðin leggur áherzlu á að gera pakkana sem best úr garði, fallega og aðlaðandi fyrir kaupendur og eru vörumerkin, ýmist „Icelandic“ eða „Fresher“ skráð á pakkana með skýru lettri. Pakkarnir eru úr vatnsheldum vaxpappír og hefur Sölumiðstöðin orðið meðal hinna fyrstu til að prenta litmyndir á þá af fiskréttum. Þá eru ætíð látnar fylgja með mataruppskriftir og kaupendur beðnir um að gera kaupmanni þegar aðvart, ef eitthvað er athugavert við fiskinn. Má eftir framleiðslunúmeri rekja skjótlega frá hvaða frystihúsi hver einstakur fiskpakki kemur.

Nýjasta skrefið í sölumálum S. í Bandaríkjunum er, að hún hefur komið sér upp aðstöðu í bænum Nanticoke í Pennsylvaníu til framleiðslu á fish-sticks, þ. e. steiktir fiskbitar. Framleiðslu þessari stjórnar Guðni Guðmarsson, ungur fiskiðnaðarfræðingur, sem hlotið hefur menntun í Kanada. — Þarna á að vera hægt að framleiða allt upp í 3000 smalestir af fish-sticks á ári. Enn er framleiðslan þó ekki orðin svo mikil, því að það tekur sinn tíma að vinna upp sölu á þessari nýju framleiðsluvöru sem öðrum. En tilhneiging er hjá þeim kaupmönnum, er taka „Icelandic“ og „Fresher“ freðfisk til sölu, að spyrja einnig eftir fish-sticks undir sömu vörumerkjum, enda fer sala S. H. á þeim nú vaxandi.

Páll Arason efnir til Hekluferðar.

Páll Arason bílstjóri efnir til ferðar austur á Heklu um næstu helgi.

Telur Páll, að þetta sé 117. ferð hans austur að Hekluótum frá því vorið 1947 að Hekla byrjaði að gjósa.

Lagt verður af stað á laugar-daginn eftir hádegi og ekið fyrst austur að Keldum þar sem hin forna skálabygging verður skoðuð. Að því búnu verður haldið að Næfurholti og gíft þar. Á sunnudaginn verður gengið upp á Heklutind, en um kvöldið verður ekið yfir Rangá hjá Galtalæk og heim um Landaveit.

Í kvöld efnir Páll Arason til myndasýningar fyrir þáttakendur úr ferðum hans frá sumrinu. Eru þetta litskuggamyndir, sem Páll hefir sjálfur tekið bæði norðanlands, sunnan og austan, frá Sprengisandi, Veidivötnum og víðar. Myndasýningin hefst kl. 9 í kvöld í Oddfellow.

Þrjár ferðir F.Í. um helgina.

Ferðafélag Íslands efnir til þriggja ferða um næstu helgi, en úr þessu fer mjög að draga úr ferðalögum á vegum félagsins, svo sem venja hefur verið undanfarin haust.

Það má því segja að hver sé síðastur orðinn með að taka þátt í hópferðum á vegum Ferðafélagsins á þessu sumri.